

# Fréttapistill frá forseta Íslands

31. ágúst 2020

Þessi vika hófst með þeim gleðitíðindum að Sara Björk Gunnarsdóttir landsliðsfyrirliði fagnaði sigri í Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu með liði sínu Lyon í Frakklandi. Sara gerði gott betur og skoraði lokamark leiksins sem gulltryggði sigur franska liðsins. Ég sendi henni heillaóskir með þennan frábæra árangur. Kvennalandslið Íslands í knattspyrnu á mikilvæga leiki framundan í undankeppni Evrópumótsins sem fram fer að tveimur árum liðnum. Ég óska liðinu góðs gengis í þeirri baráttu. Á mynd að neðan erum við landsliðsfyrirliðinn með Magnúsi Erni Helgasyni, höfundu bókarinnar Óstöðvandi sem fjallar um fótboltaferil Söru Bjarkar hingað til.

Í fyrradag tók ég til hendinni undir styrki stjórn Bláa hersins, starfliðs Hampiðjunnar og fleiri. Við hreinsuðum fjöruna við Selvogsvita og lítur hún mun betur út fyrir vikið. Sannaðist þarna enn einu sinni að margar hendur vinna létt verk. Ég hvet fyrirtæki og stofnanir til að taka þátt í verkefnum af þessu tagi. Útiveran er hressandi og hópeflið mikið. Víða um land eru fjöror nú mun hreinni en áður. Blái herinn og fleiri hafa látið til sín taka og umhverfisvitund hefur aukist til sjós og lands. Áfram er þó verk að vinna. Einu tók ég til dæmis eftir á laugardaginn: Ég fann ekki einn einasta sigarettustubb við Selvoginn, ólíkt því sem er því miður enn raunin meðfram Álftanesveginum.

Á þriðjudaginn var átti ég fund með Vilhjálmi Bjarnasyni, viðskiptafræðingi og varaþingmanni. Ræddum við um leiðir til að minnst þess að næsta ár verða 80 ár liðin frá því að Sigurður Jónasson færði ríkinu Bessastaði að gjöf þannig að þjóðhöfðingi Íslendinga mætti eiga þar sitt aðsetur. Ekki var sjálfsagt að Bessastaðir yrðu fyrir valinu. Sumum fannst sú bygging of langt frá höfuðborginni, aðrir sögðu ótækt að hafa bústað forseta þar sem fulltrúar Danakonungs hefðu setið um aldir. Af öllu þessu er merk saga en sjálfsagt er að minnst atbeina Sigurðar Jónassonar með veglegum hætti.

Þennan sama dag fundaði ég með Þór Þorsteinssyni, formanni Slysavarnafélagsins Landsbjargar. Við ræddum um starfsemi félagsins á tímum kórónuveirunnar, fjármögnun og áskoranir í þeim efnum. Flugeldasala skiptir þar sköpum en að ýmsu er að huga eins og kunnungt er, ekki síst sjónarmiðum sem lúta að umhverfinu og heilsu fólks. Tryggja verður að Landsbjörg og okkar ómetanlegu björgunarsveitir njóti áfram trausts og stuðnings í samfélaginu.

Þennan þriðjudag tók ég einnig við bókargjöf úr hendi höfundar, Kjartans Ólafssonar. Hann hefur samið mikið rit um sögu Kommúnistaflokks Íslands og Sameiningarflokks alþýðu – Sósíalistaflokksins. Með Kjartani í för var kona hans, Gíslrún Sigurbjörnsdóttir. Ræddum við efni bókarinnar, söguskoðun og mikilvægi sögunnar í samfélagsumræðum.

Svipuðu máli gegndi tveimur dögum síðar, fimmtudaginn 27. ágúst. Þá átti ég fund með Terri Barnes, kennara í sagnfræði við Portland Community College í Oregonfylki

í Bandaríkjunum. Barnes kennir sögu víkinga- og sögualdar og hefur dvalist við rannsóknir hér á landi að undanfögnu. Við ræddum um leiðir til að miðla fróðleik til nemenda og notkun og misnotkun liðinnar tíðar í stjórnmálabaráttu liðandi stundar. Alltaf er gaman að finna hve víða ytra fólk hefur brennandi áhuga á sögu Íslands, fornbókmenntum okkar og lifandi menningararfi.

Samdægurs átti ég fund með forustusveit Landssambands ungmennafélaga, LUF. Þetta eru regnhlífarsamtök ungmennafélaga á Íslandi og ræddum við um leiðir til að auka virka þátttöku ungmenna í samfélaginu, hvetja ungmenni til að nýta kosningarétt sinn og annað sem tengist hagsmunum ungs fólks á Íslandi.

Á miðvikudaginn var hleypti ég af stað landssöfnun Barnaheilla. Allur ágóði söfnunarinnar rennur í forvarnarfræðslu Verndara barna, verkefnis gegn kynferðisofbeldi á börnum. Viðburðurinn var við bækistöðvar Barnaheilla í Reykjavík og hélt ég þangað í hinni gömlu og glæsilegu Packard-bifreið sem keypt var til nota fyrir forsetaembættið í tíð Sveins Björnssonar, fyrsta forseta lýðveldisins. Síðasta spölinn að bækistöðvunum naut ég fylgdar félaga í Íslandsdeild B.A.C.A., Bikers Against Child Abuse.

Á föstudaginn var flutti ég opunarávarp á málþingi í Vídalínskirkju í Garðabæ um Jón biskup Vídalín. Jón fæddist á Görðum á Álftanesi og þjónaði þar um skeið en er best þekktur fyrir húslestrarbók sína, Vídalínspostillu, sem skipar verðugan sess í íslenskri trúar- og menningarsögu. Til málþingsins var boðað í tilefni þess að út er komið tveggja binda verk, safn rita meistara Jóns og ævisaga hans eftir Torfa K. Stefánsson Hjaltalín. Ritaði ég þar formálsorð.

Í gær, tólfta sunnudag eftir trínitatis, var ártíðar Jóns minnst. Þá voru 300 ár frá því að hann lést á Uxahryggjaleið, þar sem nú heitir Biskupsbrekka. Vígður var nýr kross þar og afhjúpað minnismerki um meistara Jón sem Páll Guðmundsson á Húsafelli bjó til fyrir forgöngu Skálholtsfélagsins hins nýja. Það var í þessari hinstu för þessarar jarðvistar sem biskup orti þessa þekktu vísu:

Herra guð í himnasal,  
haltu mér við trúna.  
Kvíði ég fyrir Kaldadal,  
kvölda tekur núna.

Upptöku af ávarpi mínu í Vídalínskirkju og málþinginu í heild sinni má sjá hér: <https://www.youtube.com/embed/W34AXbZm78o>

Í lokin ítreka ég heillaóskir til Söru Bjarkar Gunnarsdóttur. Í nýliðinni viku voru 70 ár liðin frá öðrum íþróttaafrekum sem teljast með þeim glæstustu í sögu lýðveldisins. Gunnar Huseby varði þá Evrópumeistarátign sína í kúluvarpi og Torfi Bryngeirsson varð Evrópumeistari í langstökki. Þessir sigrar juku mjög sjálfstraust þjóðar sem hafði nýlega hlotið fullt sjálfstæði og þurfti að sanna fyrir sjálfri sér og öðrum að hér gæti fólk staðið á eigin fótum.

Að lokum vek ég enn athygli á Samrómi og söfnun raddsóna. Allar nauðsynlegar upplýsingar má finna hér: <https://samromur.is/>. Margir íbúar þessa lands eru sem betur fer óhræddir við að tjá skoðun sína um allt milli himins og jarðar og frábært

væri þá að ljá eigin rödd enn meira gagn með því að leggja hana inn í raddsynabanka. Við þurfum að tryggja sess íslensku í rafrænum heimi, tryggja að við getum talað við tæki og tól á íslensku. Við þurfum að safna ólíkum röddum og því þurfum við einnig að heyra í þeim sem eiga íslensku ekki að móðurmáli og tala með hreim. Með það í huga hratt Eliza af stað verkefninu „íslenska er allskonar“ í síðustu viku og má kynna sér hvatningarorð hennar hér: [https://youtu.be/ysI\\_zjBHcbU](https://youtu.be/ysI_zjBHcbU)

Áður hef ég lagt verkefninu lið með kveðju sem lesa má á fésbókarsíðu Almannaoróms, sjálfseignarstofnunar um eflingu máltæknilausna fyrir íslensku:

<https://www.facebook.com/almannaromur/videos/583883885809266>

Ég óskum öllum lesendum velfarnaðar.